Þorsteinn Þ. Víglundsson, sem stofnaði byggðasafn í Eyjum 1932 og hefur helgað því mjög mikla starfskrafta æ síðan, segir



Þorsteinn Víglundsson með krikkjuna, að baki honum stendur Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða. Tímamyndir: Gunnar

Fjármál eru mitt líf

NÚ stendur yfir sýning að Kjarvalsstöðum á munum og myndum Byggðasafns Vestmannaeyja, ásamt 34 Kjarvalsmyndum og á þriðja tug ljósmynda. Er þetta hluti af Byggðasafninu og listasafni Bæjarsjóðs Vestmannaeyja, en þessir hlutir voru allir fluttir í gámum frá Eyjum mjög skömmu eftir að eldgosið hófst þar. Sá, sem veg og vanda hefur haft af bæði stofnun byggðasafnsins og skjótri björgun þess frá Eyjum, er hinn sihressi og atorkusami Þorsteinn Þ. Víglundsson, sparisjóðsstjóri í Vestmannaeyjum. Síðast liðinn fimmtudag hélt hann blaðamannafund að Kjarvalsstöðum og kynnti þeim þar helztu munina, sem á safninu eru, en Þorsteinn er fróður mjög um sögu þessara muna og mynda, og að skoða það undir leiðsögn hans er heilt ævintýri.



Hér sést kjölurinn af danska kaupfarinu.


Fyrst ber að geta mjög merkilegs safns mynda, sem raunar eru í eigu bæjarsjóðsins, en það eru 34 málverk og teikningar eftir meistara Kjarval. Má þar meðal annars sjá jólakort, sem Kjarval hefur á sínum tíma sent vini sínum og velgjörðarmanni, Sigfúsi Johnsen, fyrrum bæjarstjóra, og ennfremur furðulega teikningu, er Kjarval hefur skrifað á nafnið Siffi, gælunafn vinar síns. Sigfús seldi bænum safnið fyrir nokkrum árum á mjög vægu verði, en þetta eru myndir, sem hann fékk hjá Kjarval, annaðhvort sem gjafir eða keyptar. Myndirnar eru frá erfiðleikaárum meistarans og hjálpaði Sigfús honum oft um peninga fyir mat, litum og lérefti á þeim árum.

Þarna má einnig líta líkan af skansinum, með dönskum verzlunarhúsum og vindmyllu, sem notuð var á tímum einokunarverzlunarinnar af brauðgerðarmanni staðarins. Nú er mikill hluti skansins farinn undir hraun og Þorsteinn segir, að upp úr aldamótum hafi átt sér stað landsig á þessum slóðum, og rökstyður það með því, að á skömmum tíma braut sjórinn mikinn hluta af skansinum, sem hafði staðið óskemmdur um aldir. Sjórinn tók með sér merkilega steinrétt, sem einnig er líkan af á safninu..

Næst bendir Þorsteinn á gamla mynd af Landakirkju í upprunalegri mynd, en þá kirkju segir hann næstelztu sinnar tegundar á landinu. Þegar lokið hafi verið byggingu kirkjunnar, hefðu vinnupallar verið sendir til Bessastaða og notaðir við byggingu kirkjunnar þar. Einnig sýnir hann okkur gamla mynd eftir Engilbert Gíslason, en á henni má sjá fyrsta frystihúsið á landinu, sem framleiddi ís með vélum, og hófst sú starfsemi um áramótin 1908-1909. Frystihúsið var í eigu Ísfélags Vestmannaeyja.

Fjórir íslenzkir annálar geta um strand dansks verzlunarskips sumarið 1711, vestan við Básasker. Þegar farið var að dæla upp sandi vegna dýpkunar hafnarinnar á sínum tíma, kom upp einkennilegur trébútur, sem í voru trénaglar. Þegar farið var að kanna þetta nánar að undirlagi Þorsteins, kom í ljós skrokkur af umræddu skipi og reyndist drumburinn úr kili þess. Þorsteinn tók einnig til handargagns krikkju, eða stafnaband úr skipinu, og bar á þessa fúavarnarefni eftir beztu kunnáttu. Eru þessir tveir hlutir þeir einu, sem til eru úr skipinu, en hitt grotnaði allt niður.

Þarna má einnig sjá líkan af fiskigörðum og gefa þeir mikla hugmynd um vandvirknisleg vinnubrögð forfeðra vorra, sem unnu að fiskiðnaði þeirra tíma. Líkanið var gert eftir síðustu leifum garðanna frá 1890. Einnig eru á sýningunni fjöldi líkana af bátum og skipum hinna gömlu tíma og má þar sjá báta með Landeyjalagi, Vestmannaeyjalagi og



Líkan af skansinum.